

hreina, og löngun til að hrinda því frá sér, losast við það, komast svo langt í burtu frá því, sem mögulegt er? — Eg fyrir mitt leyti get ekki séð annað, en að þetta sé *harðsnúinn* fjötur á anda mannsins, og hefti hann frá að lyfta anda sínum hærra og hærra, upp á hæðir andlegs atgjörvis, siðgæðis og göfgi.

En vér þurfum ekki annað, vinir mínir, en að líta til baka, og þá munum vér fljótlega sjá, að þessar kenningar kyrkjunnar, sem eg hefi lýst, og fleiri þeim áþekkar, voru vögguljóðin vor á barnsaldrinum, það voru allt saman kennarar og undirkennarar kyrkjunnar, sem kveiktu hið fyrsta andans og siðgæðisins ljós í hjörtum vorum, það voru menn og konur, sem voru uppfrædd og uppalin við þessa lærdóma, þessar hugmyndir hins sanna, fagra og góða. Ástvinir vorir vildu gæða oss þeim fjársjóðum, sem þeir áttu bezta til, og þeir voru einmitt þetta. Þetta var hið fyrsta hugmyndalíf vor allra, sem eldri erum. Margir af oss hafa síðan vaknað til hugsunar um, að til væri annað betra. En —nú kemur spurningin: Höfum vér getað umsteypt sálum vorum, kastað því gamla, sem oss þótti lágt og ófullkomið, og tekið upp aðrar nýrri, göfugri og hærri hugmyndir og hugsjónir? *Höfum vér getað steypt svo úr kerinu, að ekki sé eftir dreggjjar í löggunum?*

Lítum nú á, hvernig eru viðtektir þær, sem mál þetta hefir fengið. Einstöku menn hafa verið að reyna að halda því á lofti, en alloftast hafa undirtektirnar verið í mesta lagi daufar, það hefir þurft að dekstra mönnum, draga menn, kjassa menn til þess að fá að hafa nöfnin þeirra á lista vorum, þeir hafa gjört það sem annað gustukaverk, og svo hefir það þá oftlega ekki verið annað en nafnið eitt, sem vér höfum fengið. Maðurinn sjálfur vill ekki vera með, hann vill ekki vinna með oss, vill ekki leggja neitt fram til að styrkja oss. Það er eins og hann skammist sín að vera í flokki vorum. Hann hleypur í felur, ef eitthvað á að gjöra, hann reynir að flýja svo langt í burtu frá oss, sem hann getur. Sjaldan heyrast raddir frá vorum flokki opinberlega, sem hvetji menn til stuðnings málefni voru, sem vilji þoka því áfram um hænufet eitt. Bláðamennirnir, skáldin, þjóðmálagarparnir, menntamennirnir, sem eru að fræðast, allir